

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.05.2018

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 03.05.2018

Mætt voru Jens Jónsson, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Ársreikningur
2. Styrkbeiðni frá Búnaðarfélagi Skagahrepps
3. Önnur mál

1. Ársreikningur önnur umræða

Rekstrartekjur A og B hluta voru kr. 95.109.000

Rekstrargjöld A og B hluta voru 88.454.000

Rekstarafgangur A og B hluta að frádregnum afskriftum og fjármagns gjöldum er kr. 1.798.000

Ársreikningur er samþykktur og undirritaður

2. Styrkbeiðni frá Búnaðarfélagi Skagahrepps

Óskað er eftir kr. 700.000 fjárstuðningi vegna mikils rekstrarkostnaðs á pinnatætara.

Sveitarstjórn samþykkir beiðni og gerir viðauka við fjárhagsáætlun að upphæð 700.000 verður greitt af eigin fé.

3. Önnur mál

Umræður sköpuðust um ýmis mál í sveitarfélaginu. Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið